



RÍKISSÁTTASEMJARI

Innanhúss sáttatillaga sáttasemjara

til lausnar kjaradeilu BSRB, f.h. FOSA, FOSS, Kjalar, Sameykis, Starfsmannafélags Garðabæjar, Starfsmannafélags Húsavíkur, Starfsmannafélags Hafnarfjarðar, Starfsmannafélags Mosfellsbæjar, Starfsmannafélags Kópavogs, Starfsmannafélags Suðurnesja og Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, lögð fram 10. júní 2023, kl. 03.30.

Í þeim tilgangi að skapa sátt milli bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga og ljúka kjaradeilu aðila hefur náðst sátt um að þann 1. júlí 2023 verði greidd sáttgreiðsla til félagsmanna bæjarstarfsmannafélaganna miðað við starfshlutfall sem þeir voru í þann 1. apríl 2023 að upphæð 105.000 kr. miðað við 100% starf.

Með sáttgreiðslunni leggja báðir aðilar niður deilur og forysta bæjarstarfsmannafélaga aflýsir öllum verkfallsaðgerðum félaganna.

Tillagan var lögð fyrir deiluaðila sem staðfesta hana með undirskrift sinni og fylgir hún undirrituðum kjarasamningi aðila frá sama tíma.

Reykjavík 10. júní 2023, kl. 03.30